

Notendaskilmálar - KIA reikningur.

1 Formáli

1.1 KIA vill bjóða þér þjónustu sem gerir upplifun þína af KIA jafn örugga, fyrirhafnarlausa og ánægjulega og framast má verða. Í því skyni býður KIA þér **KIA reikninginn**. KIA reikningurinn er einstakur, persónulegur og óframseljanlegur reikningur sem gerir þér kleift að nota ýmiskonar þjónustu sem KIA og/eða önnur félög bjóða upp á. Þar á meðal er netþjónusta, öpp og annarskonar hugbúnaðarþjónusta. Þjónustan sem um ræðir er aðeins í boði með KIA reikningi.

1.2 Kvikni spurningar um KIA reikninginn, vinsamlegast hringið í símapjónustu fyrir viðskiptavini:

- Belgíë/Belgique: +32 80069706970
- France: +33 969 320 600
- United Kingdom: +44 3332022990
- Deutschland: +49 800 777 3044
- Sverige: +46 840 044 300
- Nederland: +31 888 542542
- España: +34 91 304 31 90
- Italia: +39 848 582 588
- Ireland: +35 3818300007
- Magyarorszá: +36 80 315 542
- Polska: +48 605542542
- Österreich: +43 1734290010
- Slovensko: +421 232 421 341
- Česko: +42 0222999333
- Norge: +47 679 70 700
- România: +40 213 125 005
- Ísland: +354 590 2130

2 Notendaskilmálar

2.1 Með því að haka í þar til gerðan reit í samþykktarferlinu veitirðu samþykki þitt við þessum notendaskilmálum og lýkur með því gerð samnings við Kia UVO Connected GmbH, Theodor-Heuss-Allee 11, 60486 Frankfurt, Þýskalandi (**KIA, við** eða **okkur**.) um stofnun og notkun einstaks KIA reiknings (eins og honum er frekar lýst í þessari 2. gr. Notendaskilmálanna). Hann má nota má til aðgangs og/eða stjórnunar tengdrar þjónustu, sem er frekar lýst í **Sérstöku Notendaskilmálum** og fellur undir þá. Þessir Sérstöku Notendaskilmálar geta takmarkað aðgang að þjónustu og/eða falið í sér að aðgangur sé háður tengingu við KIA reikning. Séu þessir Notendaskilmálar og Sérstöku Notendaskilmálarnar ósamþýðanlegir, gilda þeir síðarnefndu.

2.2 Þér er því aðeins heimilt að nota KIA reikning að þú sért sjálfráða

2.3 Ráði tæki sem þú notar ekki við þá tækni sem til þarf eða fullnægi þau ekki þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar í Notendaskilmálunum er okkur ekki skylt að stofna KIA reikning fyrir þig.

2.4 Notkun KIA reikningsins kann að kalla á nettengingu eða annarskonar fjarskiptasamband. Notendaskilmálarnir taka ekki til fjarskiptaþjónustunnar sem kann að vera forsenda notkunar KIA reikningsins. Sú notkun er háð sérstöku samkomulagi við þann sem veitir þá þjónustu og fyrir hana kann að vera gjaldtaka.

2.5 Notkun KIA reikningsins er gjaldfrjál.

- 2.6 Til aðgangs að vissri þjónustu getur þú þurft að tengja KIA reikninginn við Kia bifreið eða bifreiðar. Þetta er nánar skilgreint í Sérstöku Notendaskilmálunum.
- 2.7 Upplýsingar sem þú gefur til stofnunar KIA reiknings skulu vera réttar. Gögn sem safnað er í tengslum við KIA reikning eru m.a.:

Nafn, ávarpstíll (hr., frá o.s. frv.), netfang, símanúmer, lykilorð, land, tungumál sem þú vilt nota og að þú hafir gengist undir Notendaskilmálana.

- 2.8 KIA reikningurinn verður stofnaður til notkunar í samræmi við þessa Notendaskilmála. Okkur er heimilt að hafa samband við þig á netfangið sem þú tilkynntir við skráningu KIA reikningsins varðandi atriði sem tengjast KIA reikningnum, ef þörf krefur.

3 Breytingar á Notendaskilmálum

Okkur er heimilt að gera öðru hverju breytingar á þessum Notendaskilmálum sem sanngjarnar teljast eða breyta virkni KIA reikningsins. Við munum tilkynna þér um slíkar breytingar með tölvuskeyti eða á annan hátt. Hafnirðu ekki breytingunum skriflega innan fjögurra vikna frá móttöku tilkynningarinnar teljast þær samþykktar. Við munum á skýran hátt gera þér grein fyrir réttinum til þess að hafna breytingum og afleiðingum þess að tjá sig ekki.

4 Takmarkanir á notkun

- 4.1 Þér er ekki heimilt að nota KIA reikninginn þannig að fari í bága við ákvæði þessara Notendaskilmála.
- 4.2 Þér er heldur ekki heimilt að nota KIA reikninginn á þann hátt að fari í bága við lög eða reglugerðir, t.d. varðandi höfundarrétt eða umferðarreglur. Þá eru hverskyns not af KIA reikningnum sem kunna að ógna öryggi hans eða skapa hættu eða vandamál fyrir tæknilega uppbyggingu Kia eða þriðja aðila bönnuð og hið sama á við um not annarra viðskiptavina af KIA reikningnum. Að auki er þér óheimilt að skemma KIA reikninginn, gera hann óvirkan eða eiga við hann á nokkurn hátt, smita hann af vírusum, ornum, spilliforritum, njósnahugbúnaði, trújuhestum eða nokkurskonar öðrum skaðlegum kóðum eða forritum sem geta stofnað rekstri KIA reikningsins í hættu.
- 4.3 Það þarf lykilorð að KIA reikningnum. Þér ber að velja lykilorð sem er nógu sterkt gagnvart öðrum. Okkur er heimilt að setja reglur um styrk lykilorða. Þér ber að varðveita lykilorðið og ekki má deila því með öðrum. Hafnirðu grun um að einhver hafi á óheimilan máta komist yfir lykilorðið ber þér að skipta tafarlaust um það. Hafnirðu grun um að einhver óviðkomandi hafi öðlast aðgang að þjónustu sem er í boði á KIA reikningnum þínum vinsamlega hafðu tafarlaust samband við viðskiptamannþjónustu okkar (sjá gr. 1.2).

5 Hugverkaréttindi

- 5.1 Allt efni Kia reikningsins er eign Kia, beinna eða óbeinna dótturfélaga Kia eða tengdra félaga (**Kia samstæðunnar**) eða þriðju aðila og nýtur verndar viðeigandi laga um höfundarrétt og áskilnaður er gerður um frekari réttindi. Hverskyns réttindi tengd Kia reikningnum og undirliggjandi hugverki, efni og uppsetningu er í eigu Kia samstæðunnar eða rétthafa sem hún leiðir rétt sinn frá. Þér er óheimilt að selja, dreifa, gefa út, útvarpa eða fényta Appþjónustuna á nokkurn hátt án skriflegs samþykkis okkar. Þér er óheimilt að afrita (í heild eða að hluta), senda (á rafrænan máta eða annan hátt), breyta, sýna, framsenda, veita rétt til að tengja með hlekk eða á nokkurn annan hátt nota KIA reikninginn opinberlega eða í fénytingarskygni án fyrirfram samþykkis okkar
- 5.2 Ekkert í þessum notendaskilmálum skal túlkað á þann veg að feli í sér leyfisveitingu eða heimild til þess að nota mynd, vörumerki, þjónustumerki eða firmamerki (e=logo), sem öll eru í eigu Kia samstæðunnar. Kia samstæðan áskilur sér allan rétt varðandi hugverk sem eru í hennar eigu eða upplýsingar eða efni sem tengist KIA reikningnum og mun vernda slík réttindi að því marki sem auðið er á grundvelli þeirra laga sem sett eru til verndar slíkum réttindum.

6 Efni frá Notanda

KIA mun ekki gera kröfu til efnis sem þú gerir aðgengilegt um KIA reikninginn og ekkert í þessum Notendaskilmálum takmarkar rétt þinn til afnota slíks efnis.

7 Ábyrgð

7.1 Ábyrgð Kia vegna tjóns af einföldu gáleysi, hvort heldur er á grundvelli samnings eða laga, er bundin eftirgreindum takmörkunum

- a) Ábyrgð Kia takmarkast við fjárhæð fyrirsjáanlegs tjóns, dæmigerðs fyrir samning af þessu tagi, vegna brota á meiri háttar samningsskuldbindingum;
- b) Kia er ekki ábyrgt vegna tjóns sem hlýst af einföldu gáleysi eða öðru sambærilegu sakarstigi.

7.2 Ábyrgðartakmarkanirnar taka ekki til ábyrgðar sem grundvallast á lagaskyldu, sérstaklega ekki ábyrgðar á grundvelli ásetnings, á grundvelli laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 eða ábyrgð vegna líkamstjóns sem er afleiðing sakar. Þá á ábyrgðartakmörkunin ekki við hafi Kia sérstaklega undirgengist ábyrgð.

7.3 Greinar 7.1 og 7.2. taka samkvæmt þessu einnig til tjóns vegna ónýtttra fjárútláta. Þér ber að gera eðlilegar og sanngjarnar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir og takmarka tjón.

8 Vernd gagna

Vísað er til Persónuverndartilkynningar vegna KIA reikninga varðandi upplýsingar um hvernig við stöndum að söfnun og vinnslu persónuupplýsinga. Upplýsingar um söfnun og vinnslu upplýsinga sem tengist annarri þjónustu en KIA reikningum er að finna í Persónuverndartilkynningum vegna viðkomandi þjónustu.

9 Samningstími

9.1 Þér er heimilt að nota KIA reikninginn frá þeim degi sem þú skráir þig fyrir honum.

9.2 Þú getur lokað KIA reikningnum þínum hvenær sem þú vilt. Þegar reikningnum hefur verið lokað er ekki lengur hægt að nota hann til þess að tengjast þjónustu sem er bundin honum. Til að halda áfram að nota slíka þjónustu þarf að endurvekjja KIA reikninginn þinn eða stofna nýjan KIA reikning.

9.3 Þér er einnig heimilt að segja samningnum upp hvenær sem þú vilt. Gerist það eiga þessir Notendaskilmálar ekki lengur við. Sé tilvist KIA reiknings skilyrði til notkunar þjónustu tekur uppsögnin ekki gildi fyrr en í fyrsta lagi þegar skylda til þess að veita þjónustuna fellur úr gildi. Sé margskonar þjónusta tengd KIA reikningnum þínum fylgir uppsagnarfresturinn því þjónustusambandi sem síðast fellur úr gildi.

9.4 Við áskiljum okkur tímabundinn eða varanlegan rétt til þess að loka fyrir og/eða afturkalla rétt til notkunar KIA reikningsins vegna alvarlegra brota á þessum notendaskilmálum. Einnig er okkur heimilt að slíta samningi við Notanda sem verður uppvís að alvarlegum brotum á notendaskilmálunum.

10 Ýmislegt

10.1 Þessir Notendaskilmálar eru heildarsamkomulag aðila varðandi notkun KIA reikningsins og ganga framar öllum fyrri samningum eða samskiptum, skriflegum sem munnlegum, á milli aðila um hana.

- 10.2 Skilmálar frá Notanda sem fela í sér frávik, eru í andstöðu við eða til viðbótar við Notendaskilmálana gilda því aðeins um notkun KIA reikningsins að við höfum fallist skriflega á þá með skýrum hætti.
- 10.3 Okkur er heimilt að framselja réttindi okkar og skyldur samkvæmt samningi þessum, að hluta eða að fullu, til annarra veitenda þjónustunnar með tilkynningu sem send er með 6 vikna fyrirvara til Notandans. Sé slík tilkynning send hefur Notandinn heimild til þess að slíta samningnum innan mánaðar frá móttöku hennar og taka slík slit gildi þegar ætlað er að framsalið frá Kia til nýs þjónustuveitanda, sem tilkynnt var um, fari fram. Við munum gera Notandanum skýra grein fyrir rétti hans til þess að slíta samningnum í skriflegu tilkynningunni.